



# Reglugerð fyrir kjör íþróttamanns og veitingu hvatningarverðlauna HSB

(samþykkt á ársþingi HSB í Skúlagarði 25. mars 2015)

1. gr.

Íþróttanefndir, sérráð og aðildarfélag HSB eiga rétt á að skila tilnefningu eins íþróttamanns innan hvernar greinar til stjórnar HSB eigi síðar en 1. febrúar ásamt mynd af viðkomandi. Með tilnefningu fylgi greinargerð um íþróttalegan árangur á árinu svo sem met o. fl. Skilyrði fyrir tilnefningu er að íþróttamaður hafi verið löglegur keppandi í aðildarfélagi HSB þegar árangur náðist og hafi að lágmarki verið á sextánda aldursári.

2. gr.

Íþróttanefndir, sérráð og aðilafélag HSB eiga rétt á að skila inn tilnefningum um einstakling sem hlýtur hvatningarverðlaun HSB til stjórnar HSB eigi síðar en 1. febrúar ásamt mynd af viðkomandi. Með tilnefningu fylgi greinargerð um íþróttalegan árangur á árinu svo sem met o.fl. Miðað er við börn og unglinga sem hljóti þessi verðlaun enda einstaklingurinn löglegur keppandi í aðildarfélagi HSB.

3. gr.

Skili íþróttanefndir eða sérráð ekki tilnefningu á réttum tíma skal stjórn HSB tilnefna íþróttamann í viðkomandi grein, þannig að hann komi til álitu við kjörið. Stjórn HSB er heimilt að tilnefna íþróttamenn í þeim greinum þar sem nefndir og ráð eru ekki starfandi.

4. gr.

Stjórn HSB skal árlega skipa fimm manna valnefnd sem velur íþróttamann HSB, úr röðum þeirra sem tilnefndir eru hjá nefndum og ráðum.

5. gr.

Formleg útnefning íþróttamanns HSB fer fram á ársþingi, þar sem íþróttamenn hvernar greinar hljóta einnig viðurkenningu.

6.gr.

Með reglugerð þessari falla eldri reglugerðir úr gildi.